

ÞRÓUNARFÉLAG ÍSLANDS HF.

Skráning skuldabréfa á
Verðbréfaþing Íslands
- desember 2001 -



Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík
Sími 525-6060 Myndsendir 525-6099

Almennar upplýsingar um skráningu verðtryggðra skuldabréfa Þróunarfélags Íslands hf. 1. flokk 2001

Upplýsingar um útgefanda og söluaðila

Útgefandi. Þróunarfélag Íslands hf., kt. 571285-0539, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík.

Ábyrgð á skráningarlýsingu. Búnaðarbankinn Verðbréf, kt. 490169-1219, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík og Þróunarfélag Íslands hf. ábyrgjast skráningarlýsingu þessa sem gerð er skv. 4.gr viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Starfsemi útgefanda. Tilgangur félagsins er samkvæmt 3. gr. samþykktá; “ að efla arðsama atvinnustarfsemi og örva íslenskt atvinnulíf. Félagið tekur þátt í að efla og þróa markað fyrir hlutabréf hér á landi, stuðla að aukinni fjölbreytni fjárfestingarkosta og samvinnu innlendra og erlendra fyrirtækja. Félaginu er heimilt að taka þátt í stofnun nýrra fyrirtækja, kaupa og selja verðbréf, taka lán til starfsemi sinnar, stunda útlánastarfsemi og fasteignaviðskipti. Stjórn félagsins setur nánari reglur um starfsemi félagsins og mótar fjárfestingarstefnu þess á hverjum tíma.”

Heimild. Stjórn Þróunarfélags Íslands samþykkti á stjórnarfundum félagsins þann 22. október 2001 skuldabréfaútgáfu þessa að fjárhæð allt að 1.000.000.000 kr. að nafnverði.

Söluaðili. Búnaðarbankinn Verðbréf

Tilgangur útgáfunnar. Söluandvirði skuldabréfanna verður notað til almennra fjárfestinga. Heildarupphæð þess fjár sem aflað er með útgáfunni er allt að 1.000.000.000 kr.

Viðskiptavakt. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með bréfin.

Skilmálar skuldabréfa

Nafnverð og lánstími. Skuldabréfaflokkur 1. flokkur 2001. Heildarfjárhæð útgáfunnar er allt að 1.000.000.000 kr. að nafnverði. Útgáfudagur er 1. nóvember 2001. Lokagjalddagi er 15. desember 2008 og er lánstími því rúmlega sjö ár. Nafnverðseining skuldabréfanna er 5.000.000kr. Fjöldi útgefina skuldabréfa verður allt að 200. Bréfin eru í númeraröð frá 01-1001 og upp í 01-1200 og hafa bréf númer 01-1001 til og með 01-1080 þegar verið gefin út.

Útgáfudagur 1.nóvember 2001.

Lýsing á bréfunum. Skuldabréfin bera fasta 8,1% ársvexti frá útgáfudegi, 1. nóvember 2001. Verðbættur höfuðstóll skuldarinnar ásamt vöxtum verður endurgreiddur með 7 afborgunum 15. desember ár hvert, fyrst 15. desember 2002 og síðast þann 15. desember 2008. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á neysliverðsvísitölu með grunnviðmiðun 217,7 stig í nóvember 2001. Höfuðstóll skuldarinnar skal reiknaður út á gjalddaga áður en vextir og afborganir eru reiknaðir. Útreikningur afborgana er með þeim hætti að á gjalddaga er vísitöluálagi bætt við höfuðstól skuldarinnar og deilt í útkomuna með fjölda gjalddaga sem eftir eru, að meðtöldum þeim gjalddaga sem er í það sinn.

Gjalddagar vaxta og afborgana. Fyrsti gjalddagi vaxta og afborgana er 15. desember 2002. Gjalddagar vaxta og afborgana eru svo 15. desember ár hvert og í síðasta skipti 15. desember 2008.

Sala og söluskilmálar. Skuldabréf að nafnverði 400.000.000 kr. voru teknar í umboðssölu. Sölu lauk 1. nóvember 2001. Allt að 600.000.000 kr að nafnverði verða seldar síðar og mun verð bréfanna ráðast af markaðsaðstæðum hverju sinni. Sala og afhending fer fram gegn staðgreiðslu.

Sölugengi á fyrsta söludegi var 1,00

Ávöxtunarkrafa á útgáfudegi. Bréfin eru seld í frumsölu m.v. 8,10% ávöxtunarkröfu.

Meðallíftími. Meðallíftími bréfanna á útgáfudegi var 3,55 ár.

Uppgreiðsla. Engin uppgreiðsluheimild.

Hlunnindi. Engin hlunnindi umfram það sem kemur fram í skráningarlýsingu þessari fylgja skuldabréfunum.

Tryggingar. Félagið ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum.

Skattamál og stimpilskylda. Samkvæmt 5. tl. 74. gr laga um tekju- og eignarskatt 75/1981 teljast bréf þessi til eignarskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir skattalögum á hverjum tíma. Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum hvílir á bönkum og fjármálastofnunum sem hafa tekið skuldabréfin til innheimtu sbr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, sé greiðslu vitjað á skrifstofu Þróunarfélags Íslands. Stimpilgjald af skuldabréfum þessum ber útgefanda að greiða.

Framsöl. Skuldabréf þessi skal skrá á nafn en einnig skal skrá heimilisfang kröfuhafa og kennitölu. Við framsal bréfs skal rita á bakhlið þess framsalsdag, nafn, heimilisfang og kennitölu hins nýja kröfuhafa ásamt söluverði. Óheimilt er að framselja bréf til handhafa. Sé röð framsala gölluð á skuldabréfi verður handhafi að færa sönnur á eignarheimild sína. Engar hömlur eru á framsali.

Greiðslustaður. Greiðslustaður skuldabréfsins er á skrifstofu Þróunarfélags Íslands hf., Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík, og getur kröfuhafi vitjað greiðslu gegn framvísun bréfsins. Heimilt er að fela bönkum eða öðrum fjármálastofnunum bréfið til innheimtu enda sendi viðkomandi innheimtuaðili Þróunarfélagi Íslands hf. greiðslutilkynningu. Engar hömlur eru á framsali.

Víkjandi réttur skuldar. Engin ákvæði eru um víkjandi rétt skuldar gagnvart öðrum skuldum útgefenda.

Viðtökudráttur. Í skuldabréfunum er kveðið á um að verði dráttur á greiðslu af skuldabréfunum greiðast dráttarvextir (sem eru grunnur dráttarvaxta auk vanefndaálags) eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Þar segir að dráttarvextir skuli vera samtala gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana (grunnur dráttarvaxta) auk ellefu hundraðshluta álags (vanefndaálag). Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti samkvæmt þessari málsgrein eigi skemur en viku fyrir gildistökdaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 14 dögum eftir að bréfi hafi verið framvísað til greiðslu er heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ennfremur ber skuldara að greiða, ef vanskil verða, allan kostnað við innheimtu skuldarinnar hverju nafni sem nefnist.

Verði greiðslu ekki vitjað á réttum gjalddaga mun Þróunarfélag Íslands hf. ekki greiða vexti, dráttarvexti, né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags.

Fyrningarákvæði. Höfuðstólskrafa skuldabréfanna fyrnist á 10 árum frá gjalddaga og vaxtakrafa á 4 árum frá gjalddaga samkvæmt ákvæðum laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfurettinda.

Meðferð ágreinings. Rísi mál út af skuldabréfum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991.

Skráning

Skráning. Verðbréfaþing Íslands hefur samþykkt að taka skuldabréfin á skrá þingsins og verða þegar útgefin og seld bréf að upphæð kr. 400.000.000 að nafnverði skráð þann 27. desember 2001 enda uppfylli bréfin skilyrði skráningar. Auðkenni flokksins er THRF 01 1. ISIN-númer bréfanna er IS0000006328.

Milliganga vegna skráningar. Búnaðarbankinn Verðbréf, kt. 490169-1219, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík hefur milligöngu vegna skráningar.

Upplýsingar og gögn. Nálcast má skráningarlýsingu og önnur gögn tengd Þróunarfélaginu hjá Þróunarfélagi Íslands hf. og Búnaðarbankanum Verðbréfum sími 525-6060.

